



Kvartmílu Klúbburinn

Fundur með bæjarstjóra Hafnarfjarðar

23. mars 2017

Kvartmílu Klúbburinn hefur vaxið hraðar síðustu ár með tilkomu nýrra akstursbrauta. Upphaf þessa vaxtar má rekja til samkomulags við Ökuskóla 3 og Ökukennarafélag Íslands um ökugerði sem jafnframt nýtist til iðkunar akstursíþróttar. Þá var stuðningur Hafnarfjarðarbæjar um endurnýjun og breikkun malbiks á kvartmílubrautinni mjög mikils virði.

Þá hefur stuðningur jarðvegsverktaka verið gríðarlegur og gert klúbbnum mögulegt að halda áfram með þróun akstursíþróttasvæðisins mun fyrr en ætlað var.

Á síðustu þremur árum hafa staðið yfir framkvæmdir sem hafa breytt svæðinu úr því að vera stök kvartmílubraut sem komin var vel til ára sinna í fjölbreytt svæði sem gerir félagsmönnum kleift að stunda mun fjölbreyttari akstursíþróttir. Með endurnýjun á kvartmílubrautinni og gerð ökugerðis var lagður grunnur að hringakstursbraut sem vígð var á árinu 2015. Á síðasta ári var vígð sandspyrnubraut sem hefur verið draumur margra félagsmanna frá stofnun klúbbsins. Þá hafa verið reistar manir í útjaðri svæðisins sem og inni á svæðinu til að auka öryggi brauta og sem áhorfendasvæði. Það er nú hægt að stunda kvartmílu, sandspyrnu, hringakstur, drift, hafin er ökukennsla og vonir standa til að torfærubraut verði tekin í notkun í lok árs 2017. Einnig hefur félagsheimili verið endurnýjað og reist hefur við ný stjórnstöð ásamt tímatökubúnaði fyrir kvartmílubrautina. Ökuskóli 3 hefur reist stórt sérhæft hús og gengið frá lóð þar í kring á mjög vandaðan hátt og hefur það skilað lóðar- og gatnagerðargjöldum til Hafnarfjarðarbæjar.

Félagsmönnum sem greiða félagsgjöld hefur fjölgað mikið og tekjugrunnur er breiðari. Félagið er skuldlaust þrátt fyrir umfangsmiklar framkvæmdir.

Stefnt er að ljúka framkvæmdum við hringakstursbraut á árinu 2017. Ástæða þess er að hafin er úttekt á akstursíþróttasvæðinu á vegum AKÍS með stuðningi FIA. Sú úttekt er mikilvæg fyrir akstursíþróttina og eykur viðurkenningu fyrir akstursgreinum hér á landi í samanburði við nágrannalönd okkar og samstarfsaðila. Þá eykur það notagildi svæðisins og framþróun alla í mjög vaxandi íþróttagreinum hér á landi.

Áætlaður kostnaður er um 39.000.000 kr. og hefur félagið tryggt sér stuðning fyrir um 14.000.000 kr. frá nokkrum aðilum. Auk þess hefur félagið samið við verktaka og efnissala um að dreifa greiðslum vegna framkvæmdanna á næstu tvö ár.

Kvartmíluklúbburinn óskar eftir sérstökum stuðningi Hafnarfjarðarbæjar að fjárhæð 25.000.000 kr. á næstu tveimur árum til að ljúka við lagningu hringakstursbrautar og öryggissvæða umhverfis allar akstursbrautir.

Meðf. er ársreikningur 2016 fyrir Kvartmíluklúbbinn ásamt skýringum og samantekt á framkvæmdakostnaði árin 2008-2016.